

# Starfsáætlun leikskólans

---

2023 – 2024



[www.leikskolinn.is/arnarberg](http://www.leikskolinn.is/arnarberg)



## Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá, þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólalagd hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra- og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum ásamt áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun fræðsluviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til sviðsstjóra fræðsluviðs fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráð til samþykktar.

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	2
1. Inngangur .....	3
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun .....	5
2.1 Innra mat leikskólans .....	6
2.2 Ytra mat.....	8
2.3 Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats .....	9
2.4 Matsáætlun (5 ára áætlun) .....	9
2.5 Húsnæði og lóð .....	10
3. Áherslur í starfi leikskólans .....	11
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	11
4. Starfsmannamál .....	12
4.1 Starfsmannahópurinn 1. maí.....	13
4.2 Starfsþróunarsamtöl .....	13
4.3 Símenntun frá síðasta ári .....	13
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	13
5. Aðrar upplýsingar .....	15
5.1 Barnahópurinn 1. maí. ....	16
5.2 Foreldrasamvinna.....	16
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla .....	16
5.4 Almennar upplýsingar .....	17
5.5 Áætlanir.....	17
Fylgirit .....	18

## 1. Inngangur

Í þessari starfsáætlun verður farið yfir helstu þætti og endurmat síðasta árs ásamt því að sett er fram starfsáætlun fyrir skólaárið 2023-2024. Markmið þess er að gera stefnu og sýn leikskólans skýrari og markvissari.

Leikskólinn hefur unnið markvisst með læsi og læsishvetjandi umhverfi. Metnaður hefur verið lagður í að skapa hvetjandi umhverfi í læsi. Það hefur verið gert með því m.a. að hafa ritmál sýnilegt, hafa gott aðgengi að bókum og ritföngum ásamt því að hafa gott úrval leikfanga í tengslum við bókstafi. Áhugi barnanna gagnvart bókalestri, stöfum, einstökum orðum og orðaforða er mikill. Unnið hefur verið með skapandi starf og eru þar sterk tengsl við bækur, þjóðsögur, ljóð og þulur. Einnig hafa börnin verið þjálfuð markvisst í að koma orðum sínum og hugsunum frá sér við ræðupúlt. Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur og þá eru unnin ýmis verkefni í tengslum við hann. Einnig höldum við í heiðri Alþjóðadegi barnabókarinnar sem haldinn er í tengslum við fæðingardag H.C. Andersen, 2. apríl ár hvert. Þá eru börnin hvött til að taka með sér bók heim úr bókasafni skólans og lesa heima með sínu fólki. Stefnt er að því að þróa enn frekar læsishvetjandi umhverfi í skólanum. Síðustu skólaár höfum við unnið eftir kennsluaðferðinni K-PALS. Sú aðferð gengur út á það að þör læra saman og er ætluð elstu börnum skólans í byrjendalæsi. Þá höfum við bætt við P-PALS sem er ætlað yngri börnum. Notkun spjaldtölvu hefur aukist í vinnu með börnunum ekki hvað síst í læsistengdum verkefnum.

Margir viðburðir hafa fest sig í sessi í skólameningunni s.s. vorferð, sumarhátíð, hefðir tengdar jólum, fastar ferðir í bókasafnið aðra hverja viku, íþróttaiðkun í Bjarkarhúsinu, Bjartir dagar og þannig mætti telja áfram.

Það er markmið kennara Arnarbergs að í leikskólanum sé unnið metnaðarfullt fagstarf þar sem hverjum nemanda er mætt á eigin forsendum. Í leikskólanum starfar fjöldi fólks með víðtæka þekkingu og mikla reynslu, sá mannauður er einn af styrkum stoðum skólans. Eitt af markmiðum skólans er að móta og þróa leikskólastarf sem byggir á samvinnu fag- og uppeldisstétta með samábyrgð allra starfsmanna. Mikilvægt er að búa svo um í starfsumhverfi skólans að kennarar viti alltaf hvað framundan sé, hver séu þeirra verkefni og hvar þeirra ábyrgð liggja. Við viljum að starfsumhverfið sé aðlaðandi, veiti ánægju og vellíðan, einnig viljum við leggja áherslu á góð samskipti og kærleik milli starfsmanna. Framlag hvers og eins er metið að verðleikum, starfsfólki eru falin verkefni sem fela í sér ábyrgð og traust. Í ár var ákveðið að leikskólastjóri tæki formleg starfsmannaviðtöl, en einnig voru deildarstjórar hvattir til að taka viðtöl við sína starfsmenn reglulega. Þannig teljum við að nánari samvinna náist innan deilda og gefi þá jafnframt góða vísbindingu um væntingar og líðan starfsfólksins. Starfsfólk getur þá einnig komið með athugasemdir, gagnrýni, óskir og/eða hugmyndir að nýjungum og þannig haft áhrif á starfið. Deildarstjórar yfirfæra svo niðurstöður m.a. í endurmati skólaársins og við vinnu að umbótastefnu viðkomandi deildar. Samráðsteymi er við leikskólann, í teyminu sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri. Meginhlutverk þess er að gæta hagsmuna barna í leikskólanum, vernda þau og styðja. Bæði starfsfólk og foreldrar geta vísað málum til samráðsteymis. Þar er farið

yfir öll mál sem berast og unnið úr þeim á þann hátt að farsæl lausn finnist. Teymið fundar þriðja fimmtudag hvers mánaðar.

Brúin hefur nú fylgt okkur frá árinu 2018. Hlutverk hennar er að er að kortleggja stöðu barns og leita sameiginlegra lausna, barni og fjölskyldu þess til stuðnings. Brúarteymi er skipað í hverjum leikskóla og í því sitja leikskólaskólastjóri, sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólaskólastjóri, ásamt ráðgjöfum frá Mennta- og lýðheilsusviði og Fjölskyldu- og skólabjónustu. Skilvirkni Brúarinnar er góð og öll samvinna hefur gengið vel.

Við leggjum mikla áherslu á góð samskipti og samvinnu við foreldra og hvetjum þá til að leita til okkar með áhyggjuefni sín. Við sendum tölvupósta reglulega og erum meðvituð um mikilvægi þess að gott upplýsingastreymi sé á milli leikskóla og heimilis og öfugt. Við leikskólann starfar öflugt foreldrafélag sem vinnur frábært starf í samvinnu við stjórnendur leikskólans. Einnig er foreldraráð sem fundar reglulega, það hefur komið sér upp starfsreglum sem unnið er eftir. Foreldraráð hefur umsagnarétt um þessa starfsáætlun sem og aðrar meiriháttar breytingar á skólastarfinu.

Símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2023-2024 tekur mið af væntingum starfsmanna og þörfum skólans með það að markmiði að eftir standi öflugra starfsfólk og betri skóli.

## **2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun**

## 2.1 Innra mat leikskólans

### *Innra starf leikskólans*

Lögð er áhersla á að mat fari fram jöfnum höndum. Deildarstjórar halda utan um skráningar á vinnu barnanna s.s. í hópátímum og öðrum tímum dagsins. Með því teljum við að yfirsýn verði bæði markviss, skýr og samræmanleg við alla námsþætti Skólanámskrár skólans.

Við leggjum áherslu á að samræmi sé í vinnu barna á sama aldri með því að hafa reglulega fundi hópstjóra. Þessir fundir eru einu sinni til tvisvar á önn og eru til þess að hópstjórar geti borið saman bækur sínar og þeir eldri og reyndari geti leiðbeint þeim sem eru að byrja í kennslu. Með því viljum við bera þekkingu áfram og miðla reynslu börnunum í hag. Markmið okkar er að fjölga í faghópnum. Nú í ár eru þrír meistaranemar samhliða vinnu og tveir nemar í grunnnámi samhliða vinnu. Einnig er einn leikskólakennari í námsleyfi við erlendan háskóla. Deildastjórafundir eru haldnir einu sinni í viku þar sem farið er yfir áætlanir og starfið hverju sinni, það endurmetið og yfirfarið. Skráningar eru matstæki sem við notum til að sjá hvernig vinnan hefur gengið, þær gefa góða yfirsýn yfir hvað gengur vel og hvað síður s.s. í hópátíma, við matarborðið, í hreyfistundum og þannig mætti lengi telja.

Þrír matslistar eru notaðir til að meta stöðu allra barna hér á leikskólanum, það eru Orðaskil (við 2 ára og aftur við 3 ára aldur), HLJÓM-2 (elstu börn) og TRAS (stöðugt mat í gegnum leikskólagönguna). Við nánara mat notum við eftirfarandi lista: Íslenska þroskalistann, Íslenska smábarnalistann, Snemmtæk íhlutun 2-3 ára, Könnun Gerd Strand, AAL, AEPS.

Daglegt starf hefur gengið vel Deildir fylgja ákveðnu dagsskipulagi og hefur það reynst vel í því formi sem það er í dag, því munum við halda því óbreyttu. Á hverju ári leggjum við af stað með áætlun um verkefnavinnu í hópátímum, samverustundum og öðrum verkefnatengdum þáttum. Sú nýbreytni hefur orðið, nú á vordögum, að ákveðið var að gefa útinámi aukið vægi með markvissum vettvangsferðum sem öll börn skólans hafa tekið þátt í. Vettvangsferðum var fylgt eftir með skapandi verkefnum til úrvinnslu. Það er mat okkar að þetta verkefni hefur tekist vel og mat okkar er að þróa það áfram. Vel hefur gengið að fara eftir þeim áformum sem sett hafa verið fram. Hópátímar hafa nýst vel og mörg skemmtileg verkefni hafa verið unnin og ávallt er áhugi barnanna mikill, þau búa yfir miklum sköpunarkrafti og vilja til að takast á við ný verkefni. Mat starfsmannahópsins er að skólaárið 2022-2023 hafi gengið vel og flestir þættir sem lagt var af stað með hafi gengið upp og eru þess verðir að halda áfram með. Þá erum við helst að vísa í útinám, hópátíma, listastofu og samverustundir sem byggja á skapandi starfi, málörvun og læsishvetjandi aðferðum.

Þættir sem hafa fest sig í sessi hjá okkur eru íþróttaiðkun í Bjarkarhúsinu fyrir þrjá elstu árgangana en jafnframt höfum við einnig verið að fikra okkur áfram með yngri hópa í Bjarkarhúsið. Reglulegar ferðir í Bókasafnið, danskennsla fyrir öll börn og sundkennsla fyrir elstu börnin eru fastir þættir. Þá hefur fest sig í sessi P- og K- PALS kennsla með góðum árangri.

Skipulagsdagar hafa verið nýttir til námskeiða, kynnisferða og stakra fyrirlestra. Ávallt er markmið þessara daga að efla og styrkja starfsfólk í leikskólastarfinu ásamt því að skipuleggja og samræma starfið. Einnig hefur verið lögð áhersla á að þetta starfsmannahópin með ýmsu hópefli.

### *Læsi og læsishvetjandi umhverfi*

„Læsi er leikur“ eru einkunnarorð Arnarbergs og hefur skólinn unnið markvisst með læsishvetjandi umhverfi fyrir börnin síðustu ár. Allt frá því að skólinn tók forystu í þessum kennsluháttum og til dagsins í dag hefur læsi verið rauður þráður í gegnum allt skólastarfið. Mikill vilji er meðal kennara að gera þennan þátt kennslunnar enn metnaðarfullri. Börnin sýna mikinn áhuga á bókum, bókstöfum og öðru læsishvetjandi efni, áhersla er lögð á lestur bóka og að bækur séu ávallt í umhverfi barnanna og þeim aðgengilegar. Áhuginn hefur leitt af sér mörg skemmtileg verkefni og má nefna að unnið er með sögur, ljóð og þulur í mörgum þáttum sköpunar s.s. í listastofu, leikrænni tjáningu og framsögn.

Unnið hefur verið með námsefnið „Lubbi finnur málbein“ með tveimur aldurshópum skólans undanfarin ár. Námsefnið eflir hljóðvitund barna þar sem markmiðið er æfa máhljóðin og bókstafina. ( [www.lubbi.is](http://www.lubbi.is) )

Sérstaklega hafa verið metnar lestrastundir og það skoðað markvisst hvernig börnin hlusta á sögur. Sjáanlegur munur er á því hvað þau hlusta betur eftir því sem líður á skólaárið, tileinka sér sérstök orð sem unnið hefur verið með og hvernig orðaforði eykst. Allir hafa lagt metnað sinn í þessi verkefni og er áhugi fyrir að halda þeim áfram.

Árið 2015 innleiddum við K-PALS „Pör Að Læra Saman“. K-PALS er kennsluáðferð sem þróuð var af Peabody College við Háskólann í Tennessee-fylki í Bandaríkjunum. Markmið áðferðarinnar er að gefa kennurum kost á því að örva og þjálfa hóp barna samtímis í hljóða- og stafabekkingu með jafningjamiðaðri nálgun (félagakennslu). K-PALS er fyrir elsta árgang leikskólubarna og skiptist í tvær 6 vikna kennslulotur, sem fara fram í október og febrúar. Í byrjun haustannar er tekið HLJÓM-2 próf til að kanna stöðu á hljóð- og málvitund barnanna og það svo endurtekið hjá þeim sem komu slök út úr fyrri fyrirlögn, eftir að fyrri kennslulotu í K-PALS líkur. Innleiðingin hefur gengið vel og er merkjanlegur munur á getu barnanna samkvæmt niðurstöðum úr HLJÓM-2 fyrir og eftir kennslulotur. Börnin hafa sýnt miklar framfarir og hafa sum hver náð að tvöfalda stigafjölda sinn milli prófanna. Námsefnið hefur reynst vel og börnin verið mjög áhugasöm. Samanburður þessara ára gefur góða vísbendingu um að árangur hefur aukist. Öll börn bæta getu sína og mörg hver eru að verða læs. Það er mat okkar að þetta sé mjög gott námsefni sem sannarlega á erindi við börn á elsta aldurstigi og sé jafnframt góður grunnur að upphafi lestrarnáms. Það er trú okkar að þetta muni skila börnunum góðum ávinningi inn í grunnskólann og að þau verði betur undirbúin til að hefja lestrarnám í fyrsta bekk grunnskóla. Einnig vinnum við með P-PALS sem ætlað er börnum í næst elsta árgangi leikskóla. Þar er unnið með hljóð stafnana, sem sé hvað stafirnir segja, sem leggur grunn að byrjendalæsi. Nú höfum við unnið P-PALS í fimm ár og hefur það reynst mjög vel. Það er unnið á svipaðan hátt og K-PALS í tveimur 6-7 vikna lotum. Segja má að PALS sé komið til að vera. Mikill áhugi er meðal allra, barna, kennara og foreldra á þessu efni. Niðurstöður hafa verið jákvæðar bæði í könnunum hjá okkur og í samtali við þá kennara sem hafa tekið við okkar börnum í grunnskólanum.



### *Sjálfsmat*

Ákveðið var að halda áfram að skoða sérstaklega þá þætti í leikskólastarfinu sem tengdust læsishvetjandi vinnu, hópavinnu og skráningu. Unnið hefur verið markvisst með hópatíma þar sem markmiðið hefur verið að allir grunnþættir menntunar skarist og námssviðin fái bæði að blómstra saman og sitt í hvoru lagi. Mat starfsmanna er að þetta hafi gengið vel og skráningar hjálpi mikið til að meta þessa vinnu. Skráningar eru gagnlegar við þetta endurmat og hafa aukist og orðið markvissari. Með skráningum er auðveldara að átta sig á því hvað gengur vel og hvað ekki. Það er mikilvægur leiðarvísir að bættu og sívirku mati en jafnframt mikilvæg leið til að gera það besta hverju sinni.

*Blær – vináttuverkefni Barnaheilla* er unnið hér í leikskólanum, það verkefni vinnur á samskiptum milli starfsmanna, barna og foreldra. Eykur félagshæfni barna og vinnur gegn einelti. Nú höfum við einnig bætt *Blæ* við fyrir yngsta barnahópinn. Almenn ánægja er með þetta námsefni, bangsinn Blær nær einstaklega vel til barnanna. Við sjáum það í framkomu barnanna hvert við annað, hjálpssemi og kærleikur hefur aukist. Mat starfsmanna er að þetta námsefni sé ómissandi í erli dagsins það skapi ró og vinsemd barna á milli. Verkefni og verkfæri sem áfram verður unnið með næsta skólaár (<https://www.barnaheill.is/is/forvarnir/vinatta/um-vinattu>).

Við vinnum skráningar með ljósmyndum og myndbandsbrotum. Við höfum í vetur verið að efla færni okkar í forriti sem nefnist Sway og hefur það reynt gott og lýsandi tæki sem við viljum gjarnan vinna áfram með. Foreldrar eru ánægðir með þessar skráningar, þær eru aðgengilegar foreldrum í vikupóstum. Við getum skoðað eigin árangur, árangur tengdum börnum og skólanámskránni. Heimasíða skólans er einnig vettvangur þar sem verkefni og skráningar eru aðgengilegar. Það er metnaður okkar að halda þessu svæði lifandi, skemmtilegu og lýsandi fyrir leikskólastarfið.

Á vorönn fórum við á stað með nýtt fyrirkomulag „flæði“. Seinni hluta dagsins höfum við komið á samvinnu milli deilda þar sem börnin velja svæði eftir áhugasviði og því sem er í boði. Þetta hefur reynt vel, aukið samveru og samskipti barna milli deilda og auðveldað okkur breytt vinnuumhverfi sem kom með „betri vinnutíma“ (styttingu vinnuvikunnar). Þar sem þetta fyrirkomulag hefur reynt vel munum við leggja okkur fram að þróa það og bæta enn frekar næsta skólaárið.

### **2.2 Ytra mat**

Á vormánuðum 2023 voru lagðar fyrir starfsmannakannanir á vegum Hafnarfjarðarbæjar. Þátttaka í báðum könnunum var í kring um 80%. Kannanirnar samanstóðu af þáttum tengdum vinnustaðnum sjálfum, líðan starfsmanna, stjórnnum og starfinu. Niðurstöður gáfu til kynna að skoða þurfi líðan í vinnunni, starfsanda, samvinnu, starfsaðstæður og símenntun. Starfsmenn telja sig hafa hæfni til að takast á við þær áskoranir sem eru í starfinu og að gott jafnvægi ríki milli starfs og einkalífs. Þá finnst þeim jákvæðar áskoranir tengdar starfinu og börnunum mikilvægar. Draga má þá ályktun að þessi niðurstaða spegli óryggi starfsfólks vegna óvissu sem myndaðist um stjórnun leikskólans á tímabili.

Í framhaldi af þessum könnunum munum við setja fram umbótaáætlun. Leiðarljós okkar verður að efla samvinnu, bæta starfsaðstæður, símenntun og jákvætt viðhorf.

Ekki var gerð ný könnun meðal foreldra á þessu ári en síðasta könnun kom vel út. Við erum enn að vinna samkvæmt umbótaáætlun sem þá var gerð varðandi þá þætti sem betur máttu fara s.s. upplýsingagjöf, sýnileika leikskólastarfsins og þátttöku foreldra.

### **2.3 Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats**

Við viljum efla skráningar í skólastarfinu, sérstaklega skriflegar/myndrænar skráningar í barnahópnum með áherslu á hópatíma í tengingu við grunnþætti menntunar skv. skólanámskrá. Ákveðið hefur verið gera sameiginlegt mánaðarskipurit fyrir hvern mánuð sem allar deildir vinna eftir. Einnig viljum við með þessu meta eigið framlag, styrkleika okkar og veikleika. Þannig teljum við að hægt sé að nálgast endurmenntun á skilvirkari hátt. Samhliða þessu er ætlunin að auka ljósmyndaskráningar og skráningar á myndbandsbrotum. Tekið hefur verið í notkun skráningar form sem nefnist Sway sem hjálpar okkur að skrá bæði myndir og texta.

Með því að rýna í myndir má sjá ótal margt, bæði það sem vel er gert og það sem betur má fara, lesa má í líðan og áhuga. Samráðsfundir hópstjóra, deildarfundir og deildastjórafundir eru notaðir til endurmats og skipulagningar. Undirbúningstímar deildastjóra eru daglega milli kl. 11:00-13:00 Þar sem kostur gefst á samvinnu, samræmingu og hugmyndaflæði.

Mikilvægt er að fá mat barnanna á starfinu, það gerum við með spurningum sem þau svara með matstækjum sem sniðin eru að þeim. Þetta mat er gert einu sinni á skólaárinu. Skráningar eru gerðar varðandi daglegar þarfir, hegðun og færni á mörgum sviðum þessar skráningar eru mjög gagnlegar við skipulag verkefna og til að meta líðan barnanna, sjálfshjálp og félagsfærni þeirra. Ákveðið hefur verið að bæta þennan þátt og virkja betur.

Skipulagsdagar hafa verið nýttir og verða áfram til námskeiða, fræðslu og samráðs fyrir alla starfsmenn. Lögð verður áhersla á þá þætti sem símenntunar- og umbótaáætlun kveður á um. Starfsmannafundir verða eins og áður nýttir til skipulags og samráðs innan deilda og fyrir allan skólann.

Skipulagsdagar að morgni frá 8:00-10:00 verða áfram notaðir til samráðs og skipulagningar. Einnig eru þeir nýttir fyrir stutta fyrirlestra og örnámskeið.

Unnið verður eftir umbótaáætlunum til samræmis við niðurstöður kannananna sem unnar eru hverju sinni. Leitast verður við að bæta aðgengi foreldra að skólanámskrá og stefnu skólans með kynningum í viðtölum og tölvupósti.

### **2.4 Matsáætlun (5 ára áætlun)**

Vilji er fyrir því að efla færni starfsmannahópsins á sem flestum sviðum. Í uppeldisfræðilegum skráningum, nýjum kennsluaðferðum sbr. *Lubba*, *Blæ* og öðrum læsistengdum þáttum. Með markvissri fræðslu og vinnu teljum við að auka megi þá þætti skólastarfsins. Mikilvægt er að hafa mat skipulagt og markvisst fyrir allt faglegt starf leikskólans. Þá er auðveldara að halda utan um einstaka þætti og bera saman við grunnþætti leikskólastarfsins og sameina um leið allt samþætt starf sem fram fer innan skólans. Með því erum við að beina sjónum að öllum námsþáttum sem

hríslast inn í daglegt starf og efla alla þroskaþætti barnanna. Áætlað er að ljúka yfirferð Skólanám-skrár skólans haustið 2023 og kynna starfsmönnum og foreldrum hana að því loknu.

Áætlað er að gera skráningar jafnóðum í hverri viku sem svo eru teknar saman og metnar einu sinni í mánuði. Mánaðarskipuritið verður hjálpartækið okkar við þessa vinnu. Lokamat er svo gert í lok annar. Með þessu er kominn vegvísir að áframhaldandi starfi sem auðveldara er að koma auga á það sem þarf að bæta og einnig hvað vel hefur gengið og vert er að halda áfram með. Það gefur tækifæri til að meta líðan barnanna, þátttöku þeirra og virkni í skráðum námsþáttum.

Skráningar á læsistengdum þáttum eru gerðar og þær metnar til áframhaldandi vinnu. Einnig er unnið með einstaklingsmiðaðar kannanir s.s. Orðaskil, HLJÓM-2 og TRAS. Það gefur tækifæri til að vinna sérstaklega með þau börn sem þurfa aukið utanumhald og jafnframt vinna með litla hópa og tiltekin verkefni. Þá höfum við notað efni sem kallast „Gefðu tíu“ það felst í því að gefa barni aukna athygli og tala sérstaklega við það yfir daginn með málörvun í huga. Í haust munum við innleiða *Lubba* fyrir alla aldurshópa leikskólans, sem áætlað er að muni styðja enn betur við læsistengda þætti. Fyrirhugað er námskeið fyrir alla starfsmenn skólans að hausti 2023.

Einnig ætlum við að innleiða umhverfis- og heilsustefnu. Þar leggjum við áherslu á holt fæði, góða líkamsvitund og hreysti. Samhliða þessu munum við flokka áfram og gera flokkunina sýnilegri, hreyfa okkur meira með útinámi allt árið og umræðu um heilsu og heilsueflingu.

Uppeldisfræðilegar skráningar eru m.a. matstæki þar sem unnið er með ljósmyndaskráningar, myndbandsbrot, Sway og skriflegar skráningar. Aðferð sem gefið hefa góða raun og vilji er til að þróa áfram og vinna með. Kennarar meta skráningarnar til áframhaldandi vinnu. Allir starfsmenn taka þátt í skráningum og börn taka þátt í matinu með spurningalistum. Foreldrar meta starfið í reglulegum könnunum sem gerðar eru annað hvert ár.

## **2.5 Húsnæði og lóð**

Leikskólinn Arnarberg tók til starfa í núverandi mynd við Haukahraun í Hafnarfirði í ágúst 2003, áður var hann starfræktur í tveimur húsum. Leikskólinn er fjögurra deilda með um 80 börn og 26 starfsmenn. Umhverfi leikskólans er rólegt og friðsælt og nýtur hann góðs af frábærri staðsetningu, innst í botnlanga, þar sem umferð og umferðarhraði er í lágmarki.

Húsnæði skólans er í góðu standi og tilfallandi viðgerðir gerðar jöfnum höndum. Lóð skólans er stór með góðum leiktækjum sem tekin voru í gegn sumarið 2022. Grasflatir hafa verið lagaðar og settar gúmmímottur á viðkvæm svæði.

### 3. Áherslur í starfi leikskólans

#### 3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Aðalverkefni okkar næsta skólaár verður áfram læsishvetjandi umhverfi í leikskóla ásamt því að efla umhverfis- og heilsulæsi. Eins og áður hefur komið fram verður þessi vinna áframhald af vinnu síðustu ára með meiri áherslu á elstu börnin og þau næst elstu. Markviss málörvun í gegnum leik og skapandi starf hefur verið og verður áfram áhersluþáttur, ásamt því að taka út einstök orð til að efla málskilning. Einnig er mikil áhersla lögð á að börnin þjálfu sig í framsögn, kynnist bókum og sögulestri. Áfram verður haldið með K-PALS fyrir elstu börnin og P-PALS fyrir næstelsta árgang skólans. Markmiðið er að börnin verði meðvitaðri um bókstafina og hljóð þeirra, að þau verði betur í stakk búin til að hefja lestrarnám ásamt því að efla samvinnu og félagsleg tengsl þeirra. Teymi kennara ber ábyrgð á öllum þáttum verkefnisins ásamt því að leiða það næsta skólaár. Það er mat okkar að bestur árangur náist með því að hafa sama hóp kennara í þessari vinnu, við það skapast festa og góð yfirsýn.

Áhugi er fyrir því að auka lestrastundir og hugtakaskilning með börnunum og þannig að auka orðaforða. Orðaforði, mál- og hugtakaskilningur eru grunnþættir að leiðinni til læsis. Vinna með þulur, söngva, hugtök og tölur ásamt því að setja markvisst orð á athafnir, halda uppi samræðum við í daglegu amstri, t.a.m. við matarborðið, í fataklefanum, í útiveru, göngutúrum og hvar sem færi gefst. Við leggjum áherslu á að taka út stök orð og útskýra þau nánar og þannig auka orðaforða og málskilning barnanna. Hvetjum foreldra til að lesa fyrir börnin og búa til bókaorm með okkur sem liðast um allt hús. Ákveðið hefur verið að bæta enn betur í málörvun og hljóðánám þar sem allt starfsfólk mun fara á *Lubba-námskeið* í haust og í framhaldi að því verður unnið markvisst með *Lubba* á öllum deildum.

Hreyfiþroski barnanna verður áfram í fyrirrúmi með föstum tímum í Bjarkarhúsinu og reglulegum vettvangsferðum. Í vettvangsferðum og öðru útinámi munum við leitast við að efla sjálfbærni með það að markmiði að börnin verði virkir og þroskaðir einstaklingar í lýðræðislegu samfélagi. Með þessu munum við kveikja forvitni barnanna og hvetja þau til að leita lausna, skilja orsök og afleiðingu og kenna þeim að bera virðingu fyrir umhverfi og náttúru.

Áherslur í skapandi starfi barnanna munu enn eiga sinn sess í starfinu. Listastofa er vettvangur skapandi starfs þar sem sköpunarkraftur barnanna fær að njóta sín. Menning er samofin öllu starfi leikskólans og áfram verður sá þáttur hafður í heiðri með heimsóknum í listasöfn, á menningarviðburði og með því að læra í gegnum sögur nýrra og gamalla tíma. Lögð verður áhersla á listsköpun þar sem hugmyndir og tilfinningar barnanna fá að skína í gegnum verk þeirra.

Deildarstjórar halda utan um það sem unnið er í hópátímum, samverustundum og öðrum skipulögðum stundum. Skráningar, þá bæði skriflegar, ljósmynda- og myndbandsskráningar verða helstu tækin til að meta starfið og um leið verða þær hluti af sjálfsmati leikskólans.

## 4. Starfsmannamál

#### 4.1 Starfsmannahópurinn 1. júní

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólakennarar	9	7,65	Leyfisbréf
Annað háskólapróf	4	3,94	B.S Sálfræði, B.A. Íslenska B.A. Heimspeki, M.A. Sagn- og samskiptafræði
Leikskóla- og frístundaliðar	11	9,125	Ófaglært starfsfólk
Matartæknir	1	1	Matartæknir
Aðstoðarfólk í eldhúsi	1	0,9	Ófaglært starfsfólk

#### 4.2 Starfsþróunarsamtöl

Starfsmannasamtöl eru tekin árlega að vori. Deildarstjórar taka þá viðtöl við sína starfsmenn á fyrirfram ákveðnum tíma, í þessum samtölum fer fram mat á frammistöðu ásamt því að markmiðssetningar eru gerðar skýrar og einfaldar. Mælist þetta vel fyrir og er það mat deildarstjóra að þeir séu nær sínu fólki og hafi betur tækifæri til að ræða einstaka þætti starfsins, hlusta eftir líðan og væntingum starfsmanna um eign markmið og óskir s.s. varðandi endurmenntun og starfsumhverfi. Starfsmenn eiga kost á að koma með athugasemdir, gagnrýni, óskir og/eða hugmyndir að úrbótum ef þurfa þykir og er það liður í endurmati deildar. Þá tekur leikskólastjóri viðtöl við alla starfsmenn, í þeim viðtölum er rætt um líðan og framtíðarsýn starfsmannsins.

#### 4.3 Símenntun frá síðasta ári

Markmið símenntunar er að efla og mennta starfsmenn. Símenntun hefur verið í boði hjá Mennta- og lýðheilsusviði Hafnarfjarðar. Á tímum Covid-19 fengum við reynslu að rafrænum námskeiðum og áfram hafa námskeið á slíku formi verið í boði, starfsfólk hefur nýtt sér það. Einstakir starfsmenn hafa nýtt sér námskeið á vegum Ráðgjafar- og greiningarstöðvar og Endurmenntunar HÍ.

#### 4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

##### *Símenntunaráætlun leikskólans*

Áherslur næsta skólaárs í símenntun starfsmanna byggir fyrst og fremst á að halda áfram að styðja við og byggja ofan á læsisstefnu leikskólans. Þar sem PALS er komið til að vera stefnum við að því að fleiri kennarar öðlist réttindi í þessu námsefni. Kennarar munu sækja námskeið þegar þau verða í boði og áhugi er fyrir hendi. Ákveðið hefur verið að efla námsaðferðir *Lubba* og halda námskeið haustið 2023. Þá eru uppi áform um að sækja námskeið um einhverfu hjá Ráðgjafar- og greiningarstöð. Hugmyndir eru um að allir starfsmenn muni fá fyrirlestur um notkun *Blæs*.

Jafnframt eru áform um að fleiri kennarar taki námskeið í HLJÓM-2 og TRAS, með það að markmiði að sem flestir kennarar þekki og geti nýtt sér þessi verkfæri. Skipulagsdagar og starfsmannafundir verða nýttir til sameiginlegrar fræðslu fyrir starfsmenn s.s. með fyrirlestrum og endurmati.

### *Önnur fræðsla*

Starfsmenn munu sem fyrr sækja námskeið sem Mennta- og lýðheilsusvið og Kraginn standa fyrir en þar er fjölbreytt val sem stendur til boða. Starfsmenn í sérkennslu munu sækja þau námskeið sem Ráðgjafar- og greiningarstöð býður upp á og henta okkar börnum hverju sinni. Ráðstefnur og málþing sem verða í boði og þykja henta okkar markmiðum s.s. um læsi, heilsu- og umhverfisefningu verða sótt eftir því sem við á.

## 5. Aðrar upplýsingar



### 5.1 Barnahópurinn 1. maí.

- Fjöldi barna í leikskólanum – 83 barn.
- Kynjahlutfall – 50 stúlkur og 33 drengir.
- Dvalarstundir – eru 825,43
- Deildargildi eru – 4,42
- Fjöldi barna í sérkennslu skv. greiningaviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki – 3 börn
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik voru 26 börn.
- Fjöldi barna með fæðuóþol – 16 börn.
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku – 17 börn.
- Fjöldi tungumála – 15 tungumál utan íslensku + táknmál.
- Þjóðerni forsjáraðila – íslenskt, serbókróatískt, pólskt, rússneskt, spænskt, japanskt, filipseyskt, norskt, albanskt, lettneskt, grískt, kólumbískt, afganískt, króatískt, argentínskt, sænskt.

### 5.2 Foreldrasamvinna

Við áttum gott samstarf við foreldra og eru foreldrar almennt ánægðir með leikskólann. Í foreldraviðtölum hefur ánægja foreldrar með skólann komið skýrt fram. Við leggjum áherslu á móttöku barna og tökum vel á móti börnunum að morgni og kveðjum í lok dags. Við leggjum okkur fram við að eiga gott samstarf með foreldrum og erum alltaf til staðar. Foreldrar hafa helst gert athugasemdir við hálkuvarnir, hjólagrindur og meiri útiveru. Úrbætur hafa verið gerðar og við fengið saltkistu og hjólagrindur ásamt því að aukið hefur verið við útiveru. Tölvupóstar hafa verið sendir vikulega um starfið sem hefur farið fram þá vikuna. Almennt eru foreldrar ánægðir með skipulag og námsstefnu skólans.

Fastir dagar þar sem foreldrum/ömmu og afa er boðið ýmist í morgunmat eða kaffi verða endurvaktir. Þetta eru dagar sem foreldrar koma og njóta þess að vera með börnum sínum og hitta aðra foreldra. Foreldraviðtöl eru boðuð einu sinni á ári og hafa þá kennarar undirbúið þau og fara með foreldrum yfir þroska barna þeirra, líðan og veru í leikskólanum. Einnig standa foreldrum til boða viðtöl við kennara eftir eigin óskum og þörfum.

Foreldraráð er starfandi við leikskólann. Á hverju hausti eru haldnir stærri foreldrafundir þar sem foreldrafélagið fer yfir starf síðasta árs og jafnframt er kosið í foreldraráð og foreldrafélag. Foreldrafélagið stendur fyrir viðburðum s.s. sumarhátíð að vori, útskriftarferð elstu barnanna o.fl.

### 5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Góð samvinna hefur skapast milli grunnskólans og leikskólans. Helst og mest er samvinnan við Lækjarskóla en flest börnin sækja þann skóla eftir dvöl sína hér, einhver fara þó í Víðistaðaskóla og hefur einnig verið gott samstarf þangað. Reglulegar heimsóknir hafa verið á milli Arnarbergs og Lækjarskóla. Börnin í Lækjarskóla koma í heimsókn til okkar og eru með okkar börnum á fyrirfram ákveðnum tímum. Elstu börnin fara einnig í heimsóknir í Lækjarskóla og fá þá að taka þátt í kennslustundum, t.a.m. almennum kennslustundum, íþróttum og smíðum svo eitthvað sé nefnt. Komið hefur verið á markvissu samstarfi milli Lækjarskóla, Hörðuvalla og Arnarbergs.

Skólaskilafundir eru ávallt haldnir að vori, gefur þá sérkennslustjóri fulltrúum frá grunnskólanum upplýsingar um stöðu þeirra barna sem notið hafa sérkennslu á einhvern hátt. Þá hafa niðurstöður úr HLJÓM-2 fylgt öllum börnum til grunnskólanna. Í ár voru skilin rafræn.

#### 5.4 Almennar upplýsingar

Skipulagsdagar skólaárið 2023-2024:

21.ágúst milli 8:00-10:00

18.september

13.október 8:00-10:00

13.nóvember

3.janúar

26.febrúar

18.mars 8:00-10:00

19.apríl 8:00-10:00

10.maí

#### 5.5 Áætlanir

Eftirtaldar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans

Forvarnaráætlun gegn:

- Einelti  
<http://www.leikskolinn.is/arnarberg/skjalasafn/arnarberg35.pdf>
- Slysum  
<http://www.leikskolinn.is/arnarberg/skjalasafn/arnarberg9.pdf>
- Ofbeldi og áföllum  
<http://www.leikskolinn.is/arnarberg/skjalasafn/arnarberg38.pdf>
- Tilvísunarblað  
<http://www.leikskolinn.is/arnarberg/skjalasafn/arnarberg39.pdf>

Öryggisáætlanir

- Rýmingaráætlun  
[http://arnarberg.leikskolinn.is/arnarberg/arnarberg11\\_ryming\\_husnaedis.pdf](http://arnarberg.leikskolinn.is/arnarberg/arnarberg11_ryming_husnaedis.pdf)
- Vinnuverndaráætlun  
<http://www.leikskolinn.is/arnarberg/skjalasafn/arnarberg48.pdf>  
<http://www.leikskolinn.is/arnarberg/skjalasafn/arnarberg49.pdf>
- Móttökuáætlun  
<http://www.leikskolinn.is/arnarberg/skjalasafn/arnarberg46.pdf>
- Jafnréttisáætlun  
<http://arnarberg.leikskolinn.is/arnarberg/arnarberg55.pdf>

**Fylgirit**

- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs
- Mánaðarskipurit
- Umbótaráætlun

**Hafnarfirði, 30. júní 2023**

Bjarney Kristín Hlöðversdóttir

---

*Skólastjóri*

Kristbjörg Helgadóttir

---

*Aðstoðarskólastjóri*